

**11. fundur Íþróttá-, menningar- og æskulýðsnefnd haldinn Strandgötu 38,  
Þriðjudaginn 5. september 2023  
og hófst hann kl. 16:30.**

**Fundinn sátu:**

Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Magnús Óskar Hálfðánsson (MÓH), Krístrún Guðjónsdóttir (KG) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Formaður bauð fundarfólk velkominn og athugaði hvort athugasemdir voru við fundarboðun, svo var ekki og formaður lýsti því fund lögmætan.

Formaður óskaði heimildar til afbrigða frá auglýstri dagskrá þannig að mál með málsnr. 2308028 yrði tekið á dagskrá. Var það samþykkt og verður málið nr. 6 á dagskrá fundarins og færast önnur mál neðar sem því nemur.

**Dagskrá:**

**1. Áskoranir frá félagi eldri borgara - 2305104**

Áskoranir til bæjarstjórnar Vesturbyggðar og sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps frá aðalfundi Félags eldri borgara í V-Barðastrandasýslu sem fór fram 04.05.2023.

Áskoranirnar snúa að eflingu lýðsheilsu eldri borgara sem og aðgangi að bókasöfnum og sundstöðum.

Málinu var vísað til umfjöllunar í íþróttá-, menningar og æskulýðsnefnd á 613. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 23.05.2023.

*Lagt fram og rætt. Frestað til fundar íþróttá-, menningar- og æskulýðsnefndar síðar í haust þar sem fjallað verður um fjarhagsáætlun og gjaldskrár.*

**2. Félagsmiðstöðin Tunglið 2023-2024 - 2309009**

Fjallað um starfsemi Félagsmiðstöðvarinnar Tungslins haustið 2023.

*Íþróttá-, menningar- og æskulýðsnefnd telur rétt að starfsemi félagmiðstöðvarinnar Tungslins fari af stað sem fyrst með svipuðum hætti og var síðasta vetur þó svo að ekki sé búð að ganga frá ráðningu nýs tómsundafulltrúa. Sveitarstjóra falið að vinna í málinu.*

**3. Bókasafn Tálknafjarðar 2023-2024 - 2308072**

Fjallað um starfsemi Bókasafns Tálknafjarðar haustið 2023.

*Á fundinum kom fram að haustið 2023 verður bókasafnið opið fyrir almenning á þriðjudögum kl. 18:00-19:30 auk þess að þjóna Tálknafjarðarskóla á skólatíma.*

**4. Starfsemi Íþróttamiðstöðvar veturinn 2023-2024 - 2308069**

Fjallað um starfsemi Íþróttamiðstöðvar Tálknafjarðar haustið 2023.

*Formanni og sveitarstjóra er falið að fara yfir opnunartíma Íþróttamiðstöðvar og leggja*

11. fundur  
19.09.2023

*málið aftur til umræðu fyrir nefndina.*

**5. Íþróttasalur fyrir leikskólabörn - 2309001**

Erindi frá foreldrum leikskólabarna móttakið 01.09.2023 þar sem óskað er eftir tímum í íþróttamiðstöð fyrir íþróttastarf fyrir leikskólabörn.

*Nefndin tekur vel í erindið en telur að það þurfi að fara nánar yfir fyrirkomulag. Sveitarstjóra falið að ræða við bréfitara.*

**6. Fundadagatal 2023-2024 - 2308028**

Fundadagatal fyrir veturinn 2023-2024 lagt fram.

*Fundardagatal staðfest hvað varðar íþrótt-, menningar- og æskulýðsnefnd.*

**7. Norræna ungmennaráðstefnan 2023 - 2308037**

Erindi frá Samfés dags. 11.08.2023 þar sem ungmennaráðum er boðið til þátttöku Norrænu ungmennaráðstefnunnar sem fer fram í Hörpu í Reykjavík 24.11.2023-25.11.2023.

*Erindinu er vísað til nemendaráðs Tálknafjarðarskóla og skólastjórnenda.*

**8. Göngum í skólann 2023 - 2308061**

Erindi frá Fræðslu- og almenningsíþróttasviði ÍSÍ dags. 17.08.2023 þar sem verkefnið Göngum í skólann er kynnt.

*Lagt fram.*

**9. Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði - 2308085**

Erindi frá Ungmennafélagi Íslands dags. 22.08.2023 þar sem ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði 2023 er kynnt. Ráðstefnan fer fram á Reykjum í Hrútafirði 22.09.2023-24.09.2023.

*Lagt fram.*

*Íþrótt-, menningar- og æskulýðsnefnd telur rétt að kynna ráðstefnuna á miðlum sveitarfélagsins og auglýsa eftir þáttakendum á aldrinum 16-25 ára sem hefðu áhuga á að taka þátt í henni.*

**10. Íþróttavika Evrópu 2023 - 2305187**

Erindi frá Fræðslu- og almenningsíþróttasviði ÍSÍ dags. 25.05.2023 varðandi Íþróttaviku Evrópu sem fer fram 23.09.2023-30.09.2023.

*Lagt fram.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:07.**

11. fundur  
19.09.2023

---

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

---

Magnús Óskar Hálfhánsón (MÓH)

---

Krístúrún Guðjónsdóttir (KG)

---

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)